

Utanríkismálanefnd Alþingis
Alþingi
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 138/262
komudagur 24.11.2009

Reykjavík, 23. nóvember 2009

Með þessu bréfi vill Rauði kross Íslands vara við því að niðurskurður á fjárlögum verði meiri á framlögum til þróunarsamvinnu og neyðaraðstoðar en á öðrum útgjaldaliðum. Þá leggur félagið til að fjárframlög til þróunarsamvinnu á vegum íslenskra félagasamtaka verði sérstakur liður á fjárlögum.

Útgjöld til alþjóðlegrar aðstoðar

Hin alþjóðlega fjármálakreppa hefur lagst af auknum þunga á fátækustu ríki veraldar. Mörg þeirra missa útflutningstekjur þegar verð lækkar á afurðum þeirra, erlend fjárfesting dregst saman og farandverkamenn missa vinnuna og hætta þá að senda peninga til fjölskyldna sinna.

Af þessum sökum bera ríkari samfélög mikla ábyrgð, að auka ekki á þjáningar fátækustu íbúa fátækustu ríkja heims. Evrópusambandið hefur þannig samþykkt að viðhalda framlögum til þróunarsamvinnu, þrátt fyrir yfirstandandi fjármálakreppu.

Hafa ber í huga að vegna falls íslensku krónunnar hefur aðstoð frá Íslandi þegar dregist verulega saman, enda eru útgjöld til þróunarsamvinnu og neyðaraðstoðar að mestu leyti í erlendum gjaldmiðli. Það væri því verðugt verkefni að viðhalda útgjöldum til alþjóðlegrar aðstoðar í krónum talið eða, að minnsta kosti, að draga eingöngu saman sem nemur heildarsamdrætti í útgjöldum ríkisins á árinu 2010.

Þróunarsamvinna íslenskra félagasamtaka

Alþjóðleg þróunarsamvinna á vegum íslenskra félagasamtaka hefur farið vaxandi á undanförunum árum. Þau eru þó í þeirri óvenjulegu stöðu, miðað við aðstæður samtaka í nágrannalöndunum, að þau fá hlutfallslega lítinn fjárstuðning frá hinu opinbera.

Annars staðar á Norðurlöndum veita stjórnvöld frá 11 – 30% prósentum af framlögum til tvíhliða þróunarsamvinnu í gegnum félagasamtök. Hér heima veitir Þróunarsamvinnustofnun Íslands fjárstuðning til félagasamtaka og er ekki um sérstakan fjárlagalið að ræða. Á nýlegum fundi Samstarfsráðs um alþjóðlega þróunarsamvinnu kom fram að félagasamtök á Íslandi njóta mun minni stuðnings en samtök á hinum Norðurlöndunum.

Ný lög um þróunarsamvinnu gefa Þróunarsamvinnustofnun aukið svigrúm til þess að veita framlögum í gegnum íslensk félagasamtök. Rökin fyrir því eru sterk og í því efni má taka dæmi af starfsemi Rauða krossins.



Rauði kross Íslands vinnur í samstarfi við Rauða kross félög viðkomandi landa, sem eru í öllum tilfellum grasrótarsamtök sem byggja starf sitt á vinnuframlagi sjálfboðaliða. Heimamenn hanna verkefnið, hrinda þeim í framkvæmd og mæla árangurinn en njóta til þess fjárframlaga og tæknilegrar aðstoðar alþjóðlegra samstarfsaðila.

Það er skoðun Rauða kross Íslands að hluti opinberra fjárframlaga til alþjóðlegrar þróunarsamvinnu eigi að fara í gegnum íslensk félagasamtök, sem mörg hver hafa mikla reynslu af slíku starfi. Við núverandi aðstæður er hætt á að opinber íslensk þróunarsamvinna hrökkvi aftur í það far að vera nær algjörlega á vegum hins opinbera.

Rauði krossinn leggur því til að hluti framlaga til alþjóðlegrar þróunarsamvinnu verði eyrnamerkur íslenskum félagasamtökum og að Þróunarsamvinnustofnun verði falið að úthluta fénu í samræmi við reglur sem settar verði í samráði við Samstarfsráð um alþjóðlega þróunarsamvinnu.

Rauði krossinn óskar hér með eftir að fulltrúar félagsins fái tækifæri til að mæta á fund utanríkismálanefndar til þess að færa frekari rök fyrir þessum tillögum. Samhljóða bréf er sent fjárlaganefnd.

Með vinsemd og virðingu,



Kristján Sturluson
framkvæmdastjóri